

**Nd.**

**553. Frumvarp til laga**

[143. mál]

um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listarráð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skulu njóta árlegra heiðurslauna úr ríkissjóði að upphæð 18000 kr. hver.

2. gr.

Skáld, rithöfundar og aðrir listamenn, sem notið hafa heiðurslauna samkv. 1. gr. í 5 ár, skulu njóta þeirra ævilangt. Skulu þeir skipa listarráð (akademi) og vera menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir.

3. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna umfram heiðurslaun þau, sem um ræðir í 1. gr., skal úthlutað í þremur flokkum, og skal upphæð einstakra fjárveitinga í hverjum flokki vera 9000 kr., 6000 kr. og 3000 kr.

4. gr.

Alþingi ákveður með ályktun sameinaðs þings, hver skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta heiðurslauna samkv. 1. gr. Úthlutun fjár samkv. 3. gr. annast menntamálaráð, en jafnan skal það senda listarráði og heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar tillögur þær, sem fram koma innan ráðsins, áður en ákvörðun er tekin. Skal úthlutun lokið í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir samþykkt fjárlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv., er var að mestu samhljóða þessu frv., var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Var því vísað til menntamálanefndar, sem sendi það til umsagnar

heimspekideild háskólans, Bandalagi íslenzkra listamanna og menntamálaráði. Heimspekideildin mælti með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, en bandalagið óskaði eftir því, að frv., sem samið hafði verið á vegum þess 1947, yrði lögfest. Menntamálanefnd mun hafa verið þeirrar skoðunar, að löggjöf um þessi efni væri æskileg, en vildi þó ekki að öllu leyti fallast á þá tilhögun, sem frv. gerði ráð fyrir. Samþykkti hún því að leggja til, að frv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Ekki varð þó af því, að dagskrártillagan væri fram borin, enda var orðið áliðið þings. Frv. er nú flutt öðru sinni, með þeirri breytingu einni, að ekki er greint milli grunnlauna og verðlagsuppbótar.

Á undanfórnum árum hafa verið uppi háværar raddir um nauðsyn þess að koma fastari skipun á þessi mál. Stjórnskipuð nefnd starfaði að málinu fyrir þremur árum og samdi frv. til laga um úthlutun höfundalauna. Bandalag íslenzkra listamanna hefur og fjallað um málið og samið frv. um úthlutun launa til listamanna. Ekki hefur þó komið til lagasetningar um þessi efni enn, og er það mjög miður. Um alllangt skeið undanfarið hafa orðið óeðlileg og óheppileg átök um úthlutun þess fjár, sem veitt er árlega í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna. Að verulegu leyti hafa deilur þessar átt röt sína að rekja til þess, að ekki hefur gætt æskilegrar stefnufestu af hálfu ríkisvaldsins um úthlutun fjárins, enda hefur hún verið í höndum ýmissa aðila, þ. e. Alþingis sjálfs, menntamálaráðs, listamanna sjálfra að nokkru leyti og nú síðast þingkjörinna nefnda. Ýmsum og ólíkum reglum hefur verið fylgt um skiptingu fjárins frá ári til árs, og hefur skáldum og rithöfundum verið skipt í allt að 11 flokka, tónlistarmönnum og leikurum í allt að 8 flokka og myndlistarmönnum í allt að 4 flokka. Hin nákvæma flokkun listamanna hefur verið mjög óheppileg og valdið miklu um þann styr, sem að jafnaði hefur staðið um úthlutunina, enda hlýtur slík flokkun að minna á einkunnagjöf í skóla, og hefur úthlutunin raunar stundum borið nokkurn keim af því, að hún skyldi jafngilda einkunnagjöf.

Meginatriði þessa frv. er, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta fastra heiðurslauna að upphæð 18000 kr. á ári. Hæstu skáldalaun hafa undanfarið numið 18000 kr., en þau laun hafa aðeins fáir hlotið. Allmargir hafa hins vegar fengið 12000—15000 kr. Flm. þessa frv. telur eðlilegt og rétmætt, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn njóti sérstakra og allríflegra heiðurslauna og haldi þeim ævilangt, ef þeir hafa verið taldir þeirra maklegir fimm sinnum. Ætti aðstaða þeirra listamanna, sem mestrar viðurkenningar njóta, að geta orðið örugg og ekki hætta á stöðugum deilum um úthlutun fjár til þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem ákveðið hefur verið, að njóta skuli heiðurslauna ævilangt, skipi listarráð (akademi) og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis og leiðbeiningar um málefni, er varða listir, auk þess sem listarráðið getur að sjálfsgöðu valið sér sjálfstæð verkefni. Því fé, sem veitt er í fjárlögum til listamanna umfram þær allt að 216000 kr., sem heiðurslaunin gætu numið, skal síðan skipt milli annarra rithöfunda, skálda og listamanna, en þó þannig, að því fé verði ekki úthlutað í nema þremur flokkum. Auk heiðurslaunaflokksins virðist eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur flokkum fjárveitinga til viðurkenndra listamanna (9000 kr. og 6000 kr.) og enn fremur sérstökum flokki (3000 kr.) til uppörvunar efnilegum byrjendum fyrst og fremst.

Þótt frv. þetta verði að lögum, fylgja því að sjálfsgöðu engin ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Það fjallar einvörðungu um skiptingu þess fjár, sem veitt er í fjárlögum til listamanna, en það er að vísu lögbundið, að allt að tólf mönnum skuli jafnan veita árleg heiðurslaun að upphæð 18000 kr. Miðað við þá fjárhæð, sem ætluð er listamönnum í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir 1950, þ. e. 519000 kr., yrði hægt að úthluta 303000 kr. til annarra en þeirra, sem heiðurslauna mega njóta.

Í frv. er Alþingi ætlað að taka ákvörðun um, hverjir njóta skuli heiðurslauna, og því er einnig ætlað að ákveða, með endurveitingu tilskilinn tíma, hverjir skipa skuli listarráð. Menntamálaráði er hins vegar falin úthlutun fjár til annarra lista-

manna, en þó gert ráð fyrir því, að jafnan sé leitað umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands, áður en ákvörðun er tekin. Eins og nú er komið málum, sýnist ástæðulaust að velja sérstakar nefndir til að annast þessa úthlutun og eðlilegast að fela það menntamálaráði, enda hefur það önnur skyld störf með höndum. Hins vegar er það nýmæli, að leita skuli umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands. Fyrst gert er ráð fyrir því, að hinir viðurkenndustu listamenn þjóðarinnar skipi listarráð (akademi), virðist sjálfsagt, að menntamálaráð leiti umsagnar þeirra, áður en það tekur ákvarðanir um fjárveitingar til annarra listamanna, en um laun þeirra sjálfra hefur Alþingi þegar tekið endanlega ákvörðun. Eðlilegt virðist og, að heimspekideild háskólans fjalli um þær tillögur, sem fram koma innan menntamálaráðs, enda eiga þar sæti hinir merkustu bókmenntafræðingar.

Ætti með þessu móti að fást mjög aukin trygging fyrir því, að vel sé vandað til ákvarðana í þessu efni, svo að ekki þyrfti að standa um þær óeðlilegur og hvímléiður styr.